



**Mennta- og menningarmálaráðuneytið**  
**Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík**

*Reykjavík, 25. febrúar 2019*

**Efni bréfs:** *Umsögn um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.*

Undirritaðir formenn, Skólastjórafélag Íslands og Félags grunnskólakennara, fagna framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Breytingar þessar eru viðbragð við vanda og ágalla á gildandi lögum nr. 87/2008. Eitt meginmarkmið þeirra laga var að auka samfellu milli skólastiga, færa þau nær hvert öðru og stuðla að því að strax í leikskóla hæfist undirbúningur að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tæki við af öðru. Í greinargerð með frumvarpi laganna frá árinu 2008 kemur fram sú fyrirætlan að gildissvið leyfisbréfa leik-, grunn- og framhaldsskólakennara verði útvíkkuð til aðliggjandi skólastiga þannig að viðkomandi kennari hafi einnig heimild til að kenna ákveðnum aldursflokkum eða á sérsviði sínu. Tilgangurinn var að þannig yrði stuðlað að ákveðnum sveigjanleika milli skólastiga. Markmiðum um sveigjanleika og samfellu milli skólastiga hefur ekki verið náð. Kennarar sem valið hafa að starfa á aðliggjandi skólastigi á grundvelli sérstakrar heimildar annað en leyfisbréf þeirra tilgreinir, hafa verið ráðnir til kennslu sem leiðbeinendur og starf þeirra auglýst árlega. Hefur þetta m.a. haft í för með sér að heimild þeirra til að kenna á aðliggjandi skólastigum hefur ekki verið viðurkennd við ráðningar sem hefur leitt til þess að þeir búa við ófullnægjandi starfsöryggi. Hæfir og reynslumiklir kennarar hafa

kosið að láta af störfum sem leiðbeinendur því ekki hefur verið unnt að greiða þeim laun í samræmi við stöðu þeirra, auk þess sem starfsöryggi þeirra hefur verið óviðunandi.

Mikilvægt er að tryggja starfsöryggi kennara á öllum skólastigum og auka samfellu milli skólastiga, færa þau nær hvert öðru og stuðla að því að strax í leikskóla hefjist undirbúningur að samfellu í skólastarfi þar sem eitt skólastig tekur við af öðru. Framkomið frumvarp mun ekki einungis auka við réttindi og starfsöryggi kennara heldur virka sem hvatning til aukinnar starfsþróunar kennara og aukins flæðis milli skólastiga. Þá mun framkomið frumvarp einnig leiða til aukins fjölbreytileika í menntakerfinu. Gildandi lög hafa ekki stuðlað að þessu eins og áform voru um og því er hið nýja frumvarp fagnaðarefni.

Í dag eru gerðar viðameiri kröfur til kennara en áður í okkar samfélagi. Framkomið frumvarp gengur út frá skilgreindum hæfniviðmiðum kennara, almennum fyrir alla kennara og sérhæfðum fyrir mismunandi hópa kennara. Nýtt lögverndað starfsheiti verður því „kennari“. Einstakir kennarar geta síðan stýrt starfsþróun sinni með þeim hætti að þeir eiga greiða leið á milli skólastiga. Kennarar geta bætt við og breytt sérhæfingu sinni á starfsferlinum. Sami kennari getur hæglega sérhæft sig til kennslu á mörgum skólastigum, t.d. með því að auka við nám sitt, hvenær sem er á starfsævinni.

Formaður SÍ og formaður FG fagna því að gefið verði út eitt leyfisbréf til kennslu með þeirri skilgreindu hæfni, sem leik-, grunn- og framhaldsskólakennarar þurfa að búa yfir. Breytingarnar munu án efa leiða til meiri sveigjanleika og flæðis kennara milli skólastiga og verða hvatning til aukinnar starfsþróunar, auk þess sem gæði menntunar og fjölbreytileiki verður meiri. Í framkomnu frumvarpi felst viðurkenning á hæfni og störfum kennara og faglegu sjálfstæði þeirra. Gera má ráð fyrir að fyrrnefndar breytingar leiði til skólaþróunar á öllum skólastigum og aukinnar nýliðunar kennara.

Með von um að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi vorþingi.

*Virðingarfyllst,*

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður Félags grunnskólakennara

og

Þorsteinn Sæberg, formaður Skólastjórafélags Íslands